

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 19. nóvember 2024
UST202411-110/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á Rangárþings ytra 2016-2028 - Stekkatún

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 14. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir Stekkatún.

Í greinargerð kemur fram fyrirhugað er að stækka verslunar- og þjónustusvæði VP36 úr 6,7 ha í 44 ha og minnkar landbúnaðarland sem því nemur. Megin uppbygging verða gestahús/litlar hvelfingar þar sem gestir geti notið næturhimins og norðurljósa, ásamt góðri gistipjónustu. Hámarks byggingarmagn innan þjónustusvæðis eykst úr 510 m² yfir í allt að 1600 m² innan svæðis.

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er einnig straumvatnshlotið Ytri - Rangá 1 (103-629 - R)¹

Einnig bendir stofnunin á að það þarf að koma fram í forsendum hver stefna sveitarfélagsins er varðandi vatnsvernd.

Fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem skipulagssvæðið nær til svæðis sem er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði þarf að fjalla um fuglsvæðið í tillöggunni, einnig þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er um vernd fuglasvæðisins, undir kafla 3.2.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skipulagsáætlanir sveitarfélagsins rýri ekki verndarsvæði fuglanna og hugað sé að endurheimt og vernd. Auk þess þarf að koma fram í forsendum hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd á mikilvægum fuglasvæðum.

Vistgerðir

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

¹ <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-629-R>

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist sem hefur mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings. Ekki er vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gæti þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.²

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Auk þess þarf að koma fram í forsendum hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi náttúruvernd.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

² [Mófuglar | moi.hi.is](http://mofuglar.moi.hi.is)